

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulag, Steingrímsstöð, L170935.*

Í deiliskipulaginu felst að staðfesta núverandi landnotkun svæðisins. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og eru settir skilmálar í tengslum við hana. Þá hefur deiliskráning fornminja verið gerð.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. janúar 2022.

*Deiliskipulag, Írafoss- og Ljósafossvirkjun.*

Í deiliskipulaginu felst í meginráttum staðfesting núverandi landnotkunar svæðisins auk þess að gera ráð fyrir byggingu yfir hluta tengivirkis við Írafossstöð og gera ráð fyrir stöðvarhúsi fyrir vetnisstöð. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og eru settir skilmálar í tengslum við hana.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. janúar 2022.

*Deiliskipulag, Kringlugil 1 og 2.*

Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir íbúðarhús og útihús.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. janúar 2022.

*Deiliskipulagsbreyting, Mýrarkot, Brekkugerði og Lerkigerði 7, L173072.*

Í breytingunni felst fjölgun og breytt lega lóða innan skipulagssvæðisins.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. mars 2022.

*Deiliskipulag, Álfróll, L210521.*

Innan deiliskipulags eru m.a. skilgreindir tveir byggingarreitir ásamt byggingarheimildum fyrir íbúðarhús, tvö minni hús allt að 60 fm, fjölnotahús tengt atvinnurekstri allt að 600 fm auk skemmu/skýlis í tengslum við skógrækt.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. febrúar 2022.

*Deiliskipulagsbreyting, Björk 1, frístundabyggð.*

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Bjarkar 1, sem felur í sér að aðkoma inn á frístundasvæðið færist í um 30 m til suðurs. Að öðru leyti gilda áfram deiliskipulagsskilmálar í gildandi deiliskipulagi.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. maí 2022.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 20. maí 2022.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**